



## Samþykkt

Vegna álagningar fasteignaskatts og fráveitugjalds ár hvert skal reikna afslætti af fasteignaskatti og fráveitugjaldi út frá tekjuviðmiði skv. síðasta skattframtali. Forsendur þess að umsækjandi geti fengið afslátt af fasteignaskatti er útlistað í 3. grein reglna um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Bláskógabyggð.

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts-, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári. Viðmiðunarfjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Tekjuviðmið við álagningu árið 2026 fyrir elli- og örorkulífeyrisþega vegna lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds er eftirfarandi fyrir einstakling:

| Lækkun | Kr.                              |               | Kr.       |
|--------|----------------------------------|---------------|-----------|
| 100%   | Einstaklingur með tekjur allt að |               | 4.988.121 |
| 75%    | Einstaklingur með tekjur frá     | 4.988.122 til | 5.522.561 |
| 50%    | Einstaklingur með tekjur frá     | 5.522.562 til | 6.107.901 |
| 25%    | Einstaklingur með tekjur frá     | 6.107.902 til | 6.744.143 |

Tekjuviðmið við álagningu árið 2026 fyrir elli- og örorkulífeyrisþega í hjónabandi eða samskattað sambýlisfólks er eftirfarandi:

| Lækkun | Kr.                          |               | Kr.        |
|--------|------------------------------|---------------|------------|
| 100%   | Sameiginlegar tekjur allt að |               | 8.110.033  |
| 75%    | Sameiginlegar tekjur frá     | 8.110.034 til | 8.978.963  |
| 50%    | Sameiginlegar tekjur frá     | 8.978.964 til | 9.930.651  |
| 25%    | Sameiginlegar tekjur frá     | 9.930.652 til | 10.965.094 |

Lækkun fasteignaskatts er reiknuð sjálfkrafa við álagningu fasteignagjalda og byggir á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um tekjur. Upplýsingar um afsláttinn eru birtar á álagningarseðli og upplýsingar um tekjuviðmið og þrepaskiptingu eru birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 10.12.2025

Ásta Stefánsdóttir  
sveitarstjóri Bláskógabyggðar